



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**

Hótel Örk Hveragerði 19. október 2018

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Páll Stefánsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Eyþór H. Ólafsson og Garðar Árnason sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

c) Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar

Fundarstjóri tók til máls og lagði fram svohljóðandi tillögu stjórnar HES að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Björk Grétarsdóttir

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Árborg
Rangárþing ytra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Páll Stefánsson, formaður flutti skýrslu stjórnar. Haldnir voru 7 fundir hjá Heilbrigðisnefnd árið 2017 og voru þeir allir haldnir á Selfossi. Heilbrigðisnefnd er lögbundin og ber sveitarfélögum skylda til að starfrækja hana. Hún starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hefur einnig skyldum að gegna samkvæmt matvælalögum. Einnig eru ýmis önnur sérlög sem nefndinni ber að fara eftir. Lög og reglugerðir sem HES framfylgir koma frá a.m.k. þremur ráðuneytum. Á Suðurlandi er einnig nokkur sérstaða fólgin í Þingvallanefnd, sem hefur með málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum gera.

Ræddi hann um störf HES á árinu en fjöldi starfsleyfisskyldra leyfa er nú um 1.520. Ekki hefur þó orðið mikil fjölgun milli ára að þessu sinnu og virðist fjöldinn vera að ná jafnvægi, þótt það sé erfitt að fullyrða um það. Rekstur HES 2017 gekk betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Nefndin fékk birta niðurstöðu tveggja úrskurða sem féllu báðir heilbrigðiseftirlitinu í vil. Annars vegar vegna höfnunar á útgáfu starfsleyfis fyrir laugina Bullungu í Fontana á Laugarvatni og hins vegar kröfu um endurgreiðslu starfsleyfis- og eftirlitsgjalda vegna gistileyfis í sumarhúsi. Þessar niðurstöður bera vott um að eftirlitið sé að sinna sínum málum. Enn er þó í gangi málshöfðun um opnu brauðbarina í Krónunni. Úrskurðir eru oft fordæmisgefandi fyrir aðrar nefndir. Telur Páll að lögfræðikostnaður eigi eftir að aukast í komandi framtíð.

Ræddi hann einnig um tillögu heilbrigðisnefndar um að farið verði í átak um „Hreint Suðurland“ og að hreinsunarátak verði gert í umdæminu á árinu 2019.

Ræddi hann um uppgjórið við Brú lífeyrissjóð og tillögu frá Rangárþingi ytra sem verður tekin sérstaklega fyrir á fundinum.

Þakkaði Páll stjórnarmönnum fyrir gott og farsælt samstarf. Þakkaði hann sérstaklega Svanborgu Egilsdóttur og Péttri Skarphéðinssyni fyrir en þau hafa starfað með nefndinni um langa hríð.

Að lokum þakkaði hann nefndarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsfólki öllu fyrir ánægjulega samvinnu á liðnum árum.

Sigrún, framkvæmdastjóri, leitaði afbrigða að gera breytingu á dagskrá og færa lið 2 á undan lið 1, Kosning í Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2018 -2022, og færa lið 1, Önnur mál, þar á eftir. Var það samþykkt samhljóða.

e) **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, flutti ársskýrslu HES. Kynnti Sigrún nefndarmenn og starfsfólk. Allir starfsmenn HES hafa réttindi sem heilbrigðisfulltrúar. Starfssvæði HES nær frá Skeiðarársandi í austri að Selvogi í vestri, einnig eru Vestmannaeyjar innan svæðisins. Aðildarsveitarfélög að HES eru 14 en í framhaldi sýndi hún uppbyggingu HES. Ákvörðun heilbrigðisnefndar er endanleg og er ekki háð samþykkt sveitarstjórna.

Það er gott samstarf milli HES og Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar hefur eftirlitið aðgang að lögfræðiaðstoð.

Starfsemi HES er reglubundið eftirlit og leyfisveitingar, sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi, umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingarfulltrúa, umsagnir til sýslumanna um veitinga-, gististaða-, rekstrar-, tækifæris- og brennuleyfi, vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun og álímingar, skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöður mælinga.

Árið 2017 var mesti vaxtabroddurinn í ferðaþjónustu og gistingum, þar eru flestar athugasemdir vegna þrifa en einnig er oft kvartað yfir hávaða. Einnig er eftirlit með útihátíðum og samkomum og sýnatökur á bað- og neysluvatni.

Við úttekt á verndarsvæði Þingvalla mátti sjá að fráveitumálum var mest ábótavant en almennt eru sveitarfélög áhugasöm um að bæta fráveitumál og er það gleðiefni. HES er með eftirlit á 5 loftgæðamælum í eigu ON vegna útblásturs frá virkjunum.

Farið er í athuganir á sundlaugum með og án leyfa og er mikið tekið af sýnum.

Breyting hefur orðið á matvælalögum og við það breyting á eftirliti með matvælum strax eftir áramótin með innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits og frammistöðuflokkun fyrirtækja og í framhaldi af því væntanleg birting eftirlitsskýrslna sem er áformað 2021.

Fjöldi fyrirtækja sem þarf að fylgjast með í reglubundnu eftirliti voru í árslok 2017 1.501 en í dag eru þau 1.520 og verða líklega komin í 1.600 í árslok. Hver starfsmaður er að fara í meira en 200 heimsóknir á ári. Útgáfa starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi hefur verið gerð flóknari og þarf til að mynda að sækja um brennuleyfi í tíma en auglýsa þarf brennur í 4 vikur áður en þær fara fram.

Ræddi framkvæmdastjóri um umhverfisátakið „Hreint Suðurland 2019“ og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands leggur til að farið verði í nýtt átak um „Hreint Suðurland“ og að hreinsunarátak verði gert í umdæminu á árinu 2019 með hreinsun lóða á grundvelli heimilda í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og verði lóðarhöfum gert að fara í

hreinsun þar sem þess er þörf.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir í 18. gr. 1. mgr: *Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði*“ og 20. gr. 1. mgr.: *„Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“*.

Þá er einnig bent á 17. gr. reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrífnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrífnaðarskyni. Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurniðslu. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum. Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Að lokum þakkaði Sigrún fyrrverandi heilbrigðisnefnd og formanni fyrir góð störf sl. 4 ár og starfsmönnum fyrir samstarfið.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku auk fundarstjóra Gísli Halldór Halldórsson, Christiane L. Bahner, Þorgils Torfi Jónsson og Helgi S. Haraldsson.

Sigrún Guðmundsdóttir svaraði fyrirspurnum.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Ari Björn Thorarensen, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 59 en gild kjörbréf eru fyrir 59 fulltrúa. Alls eru 45 aðalfulltrúar mættir og 4 varamenn 10 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2017

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2017 skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h) Ársreikningur 2017

Sigrún Guðmundsdóttir fór yfir ársreikning ársins 2017. Rekstrartekjur ársins voru 140 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru 136 m.kr., þar kom fram að rekstrarhagnaður ársins er tæplega 4 m.kr.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

i) Tillaga að fjárhagsáætlun 2019

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2019.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 115,9 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 116,7 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 3,7% heildarhækkun.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k) Kosning í Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2018-2022

Tillaga frá kjörnefnd um stjórn Heilbrigðisnefndar Suðurlands 2018-2022.

Aðalmenn:

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Helgi Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Guðrún Magnúsdóttir	Bláskógabyggð
Páll Tómasson	Mýrdalshreppur
Styrmir Sigurðsson	Vestmannaeyjabær

Varamenn:

Grétar Ingi Erlendsson	Sveitarfélagið Ölfus
Guðbjörg Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Sigurður Sigurjónsson	Hrunamannahreppur
Lilja Einarsdóttir	Rangárþing eystra
Sigurhanna Friðþórsdóttir	Vestmannaeyjabær

Var tillaga stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Kynning vegna tillögu um hreinsunaráttak í umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitis Suðurnesja, tók til máls og kynnti umhverfisáttak Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og verkferla.

Ræddi hann um ábyrgð eigenda og umráðamanna lóða og heimildir heilbrigðisnefndar. Í reglugerðum er gerð grein fyrir að heilbrigðiseftirliti er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lenda. Fór hann yfir vinnuferla við lóðahreinsun.

Lóðahreinsanir hafa setið á hakanum, þar sem þetta er mjög tímafrekt verkefni. Þessar hreinsanir eru með erfiðari störfum sem heilbrigðiseftirlitin koma að. Það er oft mikil reiði í fólki sem á lóðirnar. Það þarf sérstaka aðila í svona starf, aðila sem hafa

járntaugar og eru liprir í samskiptum. Það ríkir lagaleg óvissa um þessar hreinsanir þar sem þetta er huglægt mat embættisins. Ef í framhaldi koma upp dómsmál í kjölfar hreinsunar og það tapast þá er það í höndum þess sveitarfélags sem atvikið á sér stað að vinna úr því, það er því mikilvægt að hafa alla vinnuferla á hreinu, til að það séu til gögn ef til dómsmála kemur.

Fór hann yfir ferla í hreinsun á lóðum. Í upphafi þarf að fara og skoða lóðirnar. Þær eru ljósmyndaðar og til þess nota þeir dróna til að fá hugmynd um umfangið.

Lóðarblöð eru skoðuð. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa lóðarmörk og lóðarblöð skýr. Fyrri kröfubréf er sent þinglýstum lóðarhöfum með fresti til úrbóta, talað er við viðkomandi lóðarhafa, lóð er skoðuð og ljósmynduð eftir að frestur er útrunninn. Ef ekkert hefur verið gert er seinna bréfið sent með lokafresti. Krafa um lóðarhreinsun á kostnað lóðarhafa lögð fyrir heilbrigðisnefnd.

Lóð skoðuð og ljósmynduð í samvinnu við verktaka og lóðin hreinsuð. Stundum þarf aðstoð frá lögreglu við þessar aðgerðir.

Verktaka er borgað og reikningurinn sendur í innheimtu. Reikningurinn er tryggður með veði í lóðinni.

Fór hann yfir vinnuferla við að fjarlægja númerslausa bíla. Það vekur oft gríðarlega reiði eigenda en þeir sjá í þessu verðmæti, ætla að gera eitthvað við þetta. Enn og aftur er talað um huglægt mat. Þegar það eru númerslausir bílar á almannafæri úti á götu þá er límt á þá „alla“. Ef númerslaus bíll er á bílastæði við hús og fyrirtæki þá er ekki límt á hann ef hann er í góðu ástandi en ef bíll er á lóðinni, þ.e. á grasi, þá er límt á hann. Sá sem er síðasti skráði eigandi fær bréf og getur komið og leyst bílinn út en viðkomandi fær einnig förgunargjald ef ekkert hefur verið að gert. HES hefur límt á um 600 bíla það sem af er ári. 17 lóðarhreinsanir hafa verið boðaðar í Reykjanesbæ það sem af er ári.

Ítrekaði hann að hvert atvik þarf að meta og passa upp á að haft sé samband við rétta aðila, þ.e. að um sé að ræða hluti sem tilheyra viðkomandi aðila.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Aldís Hafsteinsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Eva Björk Harðardóttir, Helgi Kjartansson, Ágúst Sigurðsson, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson og Björgvin Skapti Bjarnason tóku til máls.

Magnús Guðjónsson og Sigrún Guðmundsdóttir svöruðu fyrirspurnum.

Fundarstjóri lagði fram bókun frá 190. fundi HES sem haldinn var 26. september:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands leggur til að farið verði í nýtt átak um „Hreint Suðurland“ og að hreinsunarátak verði gert í umdæminu á árinu 2019 með hreinsun lóða á grundvelli heimilda í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og verði lóðarhöfum gert að fara í hreinsun þar sem þess er þörf.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir í 18. gr. 1. mgr: *Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði*“ og 20. gr. 1. mgr.:

„Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“.

Þá er einnig bent á 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni. Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum. Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Fundarstjóri lagði fram tillögu fyrir fundinn um að heimila heilbrigðisnefnd að ráða starfsmann í verkefnið til eins árs og að stjórn verðir heimilt að breyta fjárhagsáætlun í samræmi við þessa samþykkt.

Var það samþykkt með meirihluta atkvæða, einn var á móti.

3. Önnur mál

- Tillaga Rangárþings ytra um efnislega umræðu á skuldbindingum HES vegna Brúar lífeyrissjóðs

Þorgils Torfi Jónsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu frá sveitarstjórn Rangárþings ytra:

Sveitarstjórn Rangárþings ytra leggur til við stjórn HES og aðildarsveitarfélög HES að tekið verði upp til efnislegrar umræðu og afgreiðslu við fyrsta tækifæri hvort stjórn HES skuli taka lán til greiðslu á skuldbindingum HES vegna Brúar lífeyrissjóðs allt að fjárhæð 35 milljónir króna eins og upphafleg ákvörðun var tekin um í stjórn HES þann 25. janúar 2018.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Helgi Kjartansson, Páll Stefánsson, Ágúst Sigurðsson og Aldís Hafsteinsdóttir tóku til máls.

Tillagan um að vísa málinu í heilbrigðisnefnd til úrvinnslu var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Páll Stefánsson, fráfari formaður heilbrigðisnefndar Suðurlands, tók til máls og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 11:10.